

FUNDARBOÐ

257. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í Lyngbrekku, miðvikudaginn 9. október 2024 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

- 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra**
Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra
- 2409135 - 6 mánaða uppgjör 2024**

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 682: " Lögð fram drög að milliuppgjöri Borgarbyggðar fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2024. Til fundarins koma Halldóra Pálsdóttir frá KPMG, Eiríkur Ólafsson fjármálastjóri Borgarbyggðar og Kristín Lilja Lárusdóttir aðalbókari.

Rekstur Borgarbyggðar á fyrri árshelmingi 2024 gekk vel og var niðurstaða ívið betri heldur en áætlun gerði ráð fyrir.

Niðurstaða rekstrar A-hluta var neikvæð um 172 m.kr. samanborið við áætlun um 240 m.kr. rekstrarhalla að meðtöldum viðaukum. Neikvæð afkoma skýrist að nær öllu leyti af óinnheimtum tekjum frá ríkinu vegna samninga um félagsþjónustu, en þær greiðslur berast jafnan á síðustu mánuðum ársins. Að teknu tilliti til óinnheimtra tekna var undirliggjandi rekstrarafkoma talsvert betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Skatttekjur jukust um 9,1% milli ára og námu 2.556 m.kr. á meðan launakostnaður hækkaði um 8,1%. Annar rekstrarkostnaður hækkaði hins vegar um 27,4% sem leiðir til þess að afkoma fyrir afskriftir versnaði milli ára en var þó í takti við áætlun. Undirliggjandi rekstur allra málaflokka er í takti við fjárhagsramma. Rekstur fyrri hluta ársins gefur til kynna að breytingar sem gerðar voru í rekstri B-hluta svo sem í sorphreinsun, Ljósleiðara og félagslegum íbúðum séu að skila nauðsynlegum fjárhagslegum árangri.

Fjármagnsliðir voru talsvert hagstæðari en áætlað hafði verið, en ekki var þörf á lántöku á fyrri árshelmingi eins áætlað hafði verið. Handbært fé frá rekstri á fyrri árshelmingi var jákvætt um 545 m.kr. og var 326 m.kr. ráðstafað í fjárfestingar á tímabilinu.

Fjárfestingar á fyrri árshelmingi voru um 160 m.kr. minni en áætlað hafði verið en stærsta fjárfesting tímabilsins var í endurbyggingu húsnæðis Grunnskóla Borgarfjarðar á Kleppjárnsreykjum. Þó svo fjárfestingar hafi aukist í sumar eru horfur á að fjárfestingar ársins verði undir fjárfestingarramma sem hljóðar upp á 2.049 ma.kr. Þar munar mestu um að þungi í fjárfestingu vegna nýs knatthúss verður væntanlega 2025 og hluti endurbóta á húsnæði Grunnskólans í Borgarnesi færast inn á árið 2025.

Það er til marks um sterkt sjóðstreymi að þrátt fyrir töluverða fjárfestingu héldu hreinar vaxtaberandi skuldir sveitarfélagsins áfram að lækka á fyrri helmingi ársins.

Borgarbyggð er því vel í stakk búin fyrir tímabil fjárfestingar í innviðum sem nú er hafð.

Lagt fram og vísað til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.
Eiríkur, Halldóra og Kristín fóru af fundi."

3. 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 684: "Framlagður viðauki V við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2024.

Viðauki V felur í sér hækkun á hreinum kostnaði við rekstur Borgarbyggðar að fjárhæð 3,5 m.kr. á árinu 2024. Þeir liðir sem stuðla að hækkun kostnaðar í fjárhagsáætlun eru snjómokstur og hálkueyðing sem hækkar um 16 m.kr. vegna umfangs snemma árs 2024, viðgerðir á götum sem hækkar um 25 m.kr. en umfang gatnaviðgerða í sumar var meira en áætlað var, götulýsing hækkar um 5 m.kr. vegna fjölgunar staura og viðgerða, og hækkun ramma í Grunnskólanum í Borgarnesi um 4,5 m.kr. aðallega vegna fjölgunar nemenda umfram áætlun. Á móti hækkun áætlaðra kostnaðarliða er vaxtakostnaður áætlaður 18 m.kr. lægri og liðurinn óreglulegar tekjur og gjöld fellur niður en fjárhæð hans er 30 m.kr.

Eins og fram kom í bókun með umfjöllun um sex mánaða uppgjör þá er fyrirsjáanlegt að fjárfesting verði minni á þessu ári og liðir færast milli ára og er fjárfestingaráætlun fyrir árið í ár því færð niður um rúmlega 500 m.kr.

Samþykkt samhljóða og vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn.
Eiríkur Ólafsson fjármálastjóri sat fundinn undir þessum lið."

4. 2405268 - Tillögur að breytingu á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits

Afgreiðsla 65. fundar umhverfis- og landbúnaðarnefndar: Umhverfis- og landbúnaðarnefnd telur að flutningur á heilbrigðiseftirliti frá sveitarfélögum til ríkisins myndi hafa neikvæðar afleiðingar fyrir íbúa og fyrirtæki innan sveitarfélaganna.

5. 2402195 - Sigmundarstaðir - Mælimastur á Grjóthálsi - umsókn um deiliskipulag - L134748

Á síðasta fundi sveitarstjórnar nr. 256 þann 12. september sl. var ákvörðun um tillögu skipulags- og byggingarnefndar frestað fram að næsta fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar til þess að gefa sveitarstjórnarfulltrúum svigrúm til að kynna sér betur þær forsendur og gögn sem varða málið. Er ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar á fundi nr. 68 því aftur lögð fyrir sveitarstjórn:

"Fram kemur tillaga frá Sjálfstæðisflokknum og Vinstri grænum: "Við fulltúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna benda á að stefnumótun sveitarfélagsins og stjórnvalda vegna nýtingu vindorku liggur ekki fyrir. Breytingar á aðalskipulagi Borgarbyggðar er í gangi en þar er í vinnslu stefnumótun vegna nýtingu á vindorku. Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku eru í vinnslu á Alþingi Íslendinga og þar er svohljóðandi grein ?Við ákvörðun og val á svæðum fyrir hagnýtingu vindorku skal þess ávallt gætt að neikvæðum áhrifum af starfsemi á viðkvæm svæði í náttúrunni og menningarminjar sé haldið í lágmarki og að tekið sé tillit til sjónrænna og hljóðrænna áhrifa. Gæta skal sérstaklega að áhrifum á þjóðgarða og önnur friðlýst svæði, óbyggð víðerni og ferðamannastaði sem eru einstakir á landsvísu vegna náttúrufars?. Ef þessi tillaga um stefnu stjórnvalda verður samþykkt þá á Borgarbyggð eftir að taka afstöðu til þess hvort Grjótháls sé sá staður í Borgarbyggð sem falli undir þessa skilgreiningu sem kemur fram í stefnu stjórnvalda um svæði þar sem ekki á að nýta vindorku. Ég tel að það séu veigamikil rök fyrir því að í kringum Grjótháls séu staðir sem eru einstakir á landsvísu og mikilvægir ferðamannastaðir sem Vindmyllur á Grjóthálsi munu hafa mjög neikvæð áhrif á. Ég legg því til að afgreiðsla deiliskipulagsins verði frestað þar til lokið verði vinnu við stefnu Borgarbyggðar og

stjórnvalda um uppbyggingu vindorku Íslandi og þær samþykktar af sveitarstjórn og Alþingi Íslendinga."

Hafnað með 3 (DS, EMJ, OJ) atkvæðum gegn 1 (FA), 1 (LS) sat hjá.

Fulltrúi A lista leggur fram eftirfarandi bókun: "Í þessu tilfelli erum við að taka fyrir mælimastur til rannsókna alveg burt séð frá afstöðu okkar til vindorkugarðs. Í mínum huga verður að vera alveg skýrt í framkvæmdarleyfi að mæli mastrið verði tekið niður að tveimur árum liðnum og að gengið verði frá umhverfinu í kring svo ekki hljótist náttúruspjöll. Þar sem í þessu tilfelli er eingöngu verið að afgreiða deiliskipulag fyrir mælimastur til rannsókna mun fulltrúi A lista ekki setja sig upp á móti."

Davíð Sigurðsson bókar eftirfarandi: "Í ljósi þess hve víðtæk mótmæli íbúa á svæðinu og annarra umsagnaraðila eru legg ég til að endanleg afgreiðsla á deiliskipulagi fari fram í sveitarstjórn Borgarbyggðar."

Samþykkt samhljóða.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrir sitt leyti framlagt deiliskipulag samkvæmt 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum.

Samþykkt með 4 (DS, LS, OJ, EMJ) atkvæðum gegn 1 (FA)."

6. 2409302 - Fjölgun nemenda í grunnskólum Borgarbyggðar

Afgreiðsla frá 684. fundi byggðarráðs: "Samtals eru nemendur í grunnskólum Borgarbyggðar 510 talsins og hefur fjölgað nokkuð umfram þá áætlun sem miðað var við í fjárhagsáætlun og stuðlar að hækkun kostnaðar í þjónustu og aðstöðu. Samtals eru nemendur við Grunnskólann í Borgarnesi 336 talsins og hafa líklega aldrei verið verið fleiri. Við Grunnskóla Borgarfjarðar eru nemendur nú 174 talsins. Í samræmi við fjölgun íbúa er fjölgun nemenda mest á meðal barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Samtals nemur áætluð kostnaðarhækkun vegna þessa 4,5 m.kr. það sem eftir lifir árs 2024 og færist undir Grunnskólann í Borgarnesi. Vísað til viðauka V í fjárhagsáætlun 2024. Samþykkt samhljóða."

7. 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024

Afgreiðsla frá 684. fundi byggðarráðs: "Viðauki V felur í sér hækkun á hreinum kostnaði við rekstur Borgarbyggðar að fjárhæð 3,5 m.kr. á árinu 2024. Þeir liðir sem stuðla að hækkun kostnaðar í fjárhagsáætlun eru snjómokstur og hálkueyðing sem hækkar um 16 m.kr. vegna umfangs snemma árs 2024, viðgerðir á götum sem hækkar um 25 m.kr. en umfang gatnaviðgerða í sumar var meira en áætlað var, götulýsing hækkar um 5 m.kr. vegna fjölgunar staura og viðgerða, og hækkun ramma í Grunnskólanum í Borgarnesi um 4,5 m.kr. aðallega vegna fjölgunar nemenda umfram áætlun. Á móti hækkun áætlaðra kostnaðarliða er vaxtakostnaður áætlaður 18 m.kr. lægri og liðurinn óreglulegar tekjur og gjöld fellur niður en fjárhæð hans er 30 m.kr. Eins og fram kom í bókun með umfjöllun um sex mánaða uppgjör þá er fyrirsjáanlegt að fjárfesting verði minni á þessu ári og liðir færast milli ára og er fjárfestingaráætlun fyrir árið í ár því færð niður um rúmlega 500 m.kr. Samþykkt samhljóða og vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn. Eiríkur Ólafsson fjármálastjóri sat fundinn undir þessum lið."

8. 2311091 - Vallarás - hönnun og framkvæmdir

Afgreiðsla frá 684. fundi byggðarráðs: "Framlagt og samþykkt að ganga til samninga við Borgarverk á grundvelli tilboðs. Samþykkt með fyrirvara um fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar."

9. 2311070 - Breyting á aðalskipulagi - O1 íþróttasvæði Borgarnes

Afgreiðsla 69. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir sitt leyti. Breytingartillagan tekur til íþróttasvæðis O1, Íbúðarsvæði Í4 og Skólasvæði Þ3 í Borgarnesi. Kynningartíminn var frá 22. júlí til og með 9. september 2024. Lagður er fram uppfærður skipulagsuppdráttur og greinagerð frá hönnuði dags. 10.09.2024 ásamt svörum við umsögnum. Samþykkt samhljóða"

10. 2404320 - Hraunsás III - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - 204514

Afgreiðsla 69. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða vinnslutillögu til auglýsingar fyrir Hraunsás III skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða"

11. 2310258 - Sameiningarviðræður milli Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Afgreiðsla frá fundi sveitarstjórnar nr. 254 tekin til seinni umræðu, skipan í samstarfsnefnd sem skal kanna möguleika á sameiningu sveitarfélaganna Borgarbyggðar og Skorradalshrepps sbr. 4.tl. 1.mgr. 18.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

12. 2407066 - Tilboð til sveitarfélaga um styrk til að ljúka lagningu ljósleiðara til allra lögheimila utan markaðssvæða í þéttbýli

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 682: " Farið yfir þróun málsins, viðbrögð markaðsaðila við auglýsingu Borgarbyggðar og næstu skref í samræmi við afgreiðslu 678. fundar byggðarráðs frá 9. ágúst 2024. Framlögð drög að samningi við Fjarskiptasjód um styrkta ljósleiðaravæðingu í þéttbýli utan markaðssvæða.

Net ljósleiðara liggur um nær öll byggð ból í Borgarbyggð. Uppbygging netsins síðustu árin hefur verið afar farsæl og skipt máli fyrir atvinnuþróun, búsetu og lífsskilyrði. Borgarbyggð hefur áhuga á að ljósleiðaravæða þau fáu svæði sem eftir standa og stuðningur Fjarskiptasjóds getur þar skipt verulegu máli. Sveitarstjóra er falið að undirrita framlagðan samning fyrir hönd sveitarfélagsins með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða."

13. 2409031 - Slökkvilið á Vesturlandi - stöðugreining og sviðsmyndir

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 682: "Framlögð skýrsla sem ber heitið "Slökkvilið á Vesturlandi - Stöðugreining og sviðsmyndir" sem unnin var af vinnuhópi á vegum SSV. Til fundarins kemur Heiðar Örn Jónsson slökkviliðsstjóri.

Skýrslan framlögð og farið þau helstu tækifæri sem skýrslan ávarpar til þess að efla þjónustu, samstarf og skilvirkni slökkviliða á svæðinu."

14. 2110092 - Strandstígur við Borgarnes

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 682: "Lögð fram hönnunargögn, verklýsingar og kostnaðaráætlun vegna endurhönnunar á strandstíg við Kveldúlfsgötu. Sjóvarnargarður er hækkaður, göngustígur er malbikaður og aðgengi að fjöru við Kveldúlfsgötu er bætt.

Byggðarráð samþykkir framlögð gögn og að fram fari verðfyrirspurn á grundvelli þeirra.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.
Samþykkt samhljóða"

15. 2206234 - Erindi um hundagerði á Hvanneyri

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 682: "Afgreiðsla 66. fundar umhverfis- og landbúnaðarnefndar: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd samþykkir framlögð drög að samningi og er starfsmanni falið að fullvinna og vísa til byggðarráðs.
Samþykkt samhljóða."

Byggðarráð samþykkir fyrir sitt leyti framlögð drög að leigusamningi um land undir hundagirðingu og felur sveitarstjóra að undirrita með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða."

16. 2311308 - Lýsing á leið milli hesthúshverfis og Einkunna

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 683: "Í samræmi við niðurstöðu fundar byggðarráðs nr. 677 er farið yfir vinnu við að rýna útboðsgögn. Til fundarins kemur í gegnum fjarfundarbúnað Arnar Bjarnason rafmagnshönnuður hjá Rafteikn.

Framlögð útboðsgögn og samþykkt að fram fari útboð á grundvelli þeirra. Jafnframt samþykkt að heimila að fram komi frávíkstilboð og að gögn verði uppfærð til samræmis við það.

Samþykkt samhljóða.

Guðný Elíasdóttir sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs sat fundinn undir þessum lið."

17. 2409271 - Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2024

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 683: "Framlagt fundarboð og dagskrá ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2024 sem haldinn verður 9. október n.k.

Framlagt fundarboð og er Lilju Björgu Ágústsdóttur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýsluviðs falið að mæta á fundinn fyrir hönd Borgarbyggðar.
Samþykkt samhljóða."

18. 2409285 - Haustþing SSV 2024

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 683: "Framlagt fundarboð á haustþing SSV 2024 sem fer fram í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík miðvikudaginn 16 okt n.k.

Fundarboð framlagt en fulltrúar Borgarbyggðar eru þeir sömu og á aðalfundi SSV, þær Bjarney L. Bjarnadóttir, Brynja Þorsteinsdóttir, Eva Margrét Jónudóttir og Sigrún Ólafsdóttir."

19. 2303224 - Brunavarnir Heiðsynninga og húsnæði þeirra

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 683: "Tillaga sveitarstjóra um að byggðarráð heimili að eignum félagsins verði ráðstafað og að félaginu verði slitið.

Í samræmi við tillögu sem fram kemur í minnisblaði varaslökkviliðsstjóra og viðræður við oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps þá samþykkir byggðarráð Borgarbyggðar fyrir sitt

leyti að geymsluhúsnæði Brunavarna Heiðsynninga verði ráðstafað Björgunarsveitinni Elliða til eignar og að Brunavörnum Heiðsynninga verði slitið. Samþykkt samhljóða og vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn."

20. 2310255 - Endurbætur á miðalmu Grunnskólans í Borgarnesi

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 684: "Framlögð drög að samningi við Land og Verk ehf. um endurbætur á miðrými húsnæðis Grunnskólans í Borgarnesi.

Viðkomandi uppfyllir öll skilyrði útboðsins og var næst lágstbjóðandi í útboði vegna verksins. Byggðarráð samþykkir samhljóða framlögð samningsdrög fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að fullklára og undirrita með fyrirvara um fullnaðarsamþykki sveitarstjórnar."

21. 2303272 - Frumkvæðisathugun GEV á gæðum þjónustu barnaverndar

Afgreiðsla frá fundi velferðarnefndar nr. 152: "Niðurstöður á frumkvæðisathugun Gæða- og eftirlitsstofnunar liggja fyrir. Markmið frumkvæðisathugunar var að kanna hvort gæði þeirrar þjónustu sem veitt er á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 af hálfu barnavernd Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar væri í samræmi við ákvæði þeirra laga, reglugerða, reglna, samninga og leiðbeininga sem gæta þarf að við vinnslu barnaverndarmála. Frumkvæðisathugunin afmarkaðist við starfsemi barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar á tímabilinu 01.01.22-01.04.23.

Við framkvæmd athugunarinnar var stuðst við gagnaöflun og viðtöl við starfsfólk sem var starfandi á tímabilinu sem athugunin náði til. Einnig var stuðst við gögn og upplýsingar sem GEV hafði borist vegna erinda til stofnunarinnar. Helstu niðurstöður benda til að nokkuð skorti á skýrum verkferlum og leiðbeiningum til starfsfólks. Skráning mála og varðveisla upplýsinga hafi verið ábótavant. Töluvert hafi skort á samvinnu og samskipti við aðila máls. Þá telur GEV að fyrirliggjandi gögn sýni að ítrekað hafi verið brotið gegn málsmeðferð V., VI., og VII. Kafla barnaverndarlaga við vinnslu mála.

GEV hefur því sett fram tilmæli um úrbætur á barnaverndarþjónustunni sem telur 13 atriði og má sjá í skýrslu GEV. Þar er jafnframt tekið fram að ljóst sé að margþættar umbætur hafa nú þegar verið gerðar sem séu í samræmi við tilmæli og því er barnaverndarþjónustunni gert að halda áfram að umbótum og þeim sé lokið innan 6 mánaða. Jafnframt telur GEV ekki ástæðu til að hafa frekara eftirlit með barnavernd Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar.

Niðurstaða frumkvæðisathugunar Gæða- og eftirlitsstofnunar (GEV) á barnaverndarþjónusta Borgarbyggðar liggur nú fyrir. Athugunin hófst í mars 2023 og tók til tímabilsins frá janúar 2022 til apríl 2023. Tilefnið var fjöldi og alvarleiki erinda og kvartana sem GEV hafði borist.

Niðurstaða GEV er að töluverður og alvarlegur misbrestur hafi orðið á vinnslu mála hjá barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar á tímabilinu. Fram kemur að skort hafi á skýra verkferla, leiðbeiningar til starfsfólks, skráningu mála, varðveislu upplýsinga var ábótavant og töluvert skorti á samvinnu og samskipti við aðila máls. GEV telur að gögn sýni að brotið hafi verið gegn málsmeðferð V., VI., og VII. kafla barnaverndarlaga við vinnslu mála. Í samræmi við það setur GEV fram tilmæli um alls 13 úrbætur á barnaverndarþjónustu í Borgarbyggð.

Þá er tilkynning um frumkvæðisathugun barst hefur markvisst verið haft að leiðarljósi að athugunin og samstarfið við GEV yrði til þess að efla barnaverndarþjónustu í sveitarfélaginu. Nýr félagsmálastjóri með víðtæka þekkingu á barnavernd hóf störf í ágúst 2023 og hóf strax vinnu við úrbætur. Síðasta eina og hálf árið hafa orðið verulegar breytingar á þjónustu við börn í Borgarbyggð. Ráðist hefur

verið í ýmsar aðgerðir í því skyni m.a.:

- Á vettvangi sveitarstjórnar var ákveðið að setja aukið fjármagn í málaflokkinn með það að markmiði að bæta starfsumhverfi og gæði þjónustu
- Mannabreytingar hafa orðið, stöðugildum í barnavernd hefur verið fjölgað og bakvakt barnaverndar sett á laggirnar
- Með skipulagsbreytingum hefur orðið betri yfirsýn yfir málaflokkinn, kröfur og eftirlit með skráningu gagna hafa verið auknar og lögfræðiþjónusta við málaflokkinn innan sveitarfélagsins verið eflað
- Allar ákvarðanir eru, með fáum undantekningum, nú teknar á meðferðarfundum og þá í samráði við yfirmann barnaverndar
- Þjálfun, fræðsla og aðgangur að handleiðslu starfsfólks verið aukin
- Nú er unnið að stofnun á barnaverndarþjónustu Vesturlands ásamt nokkrum sveitarfélögum í landshlutanum þar sem Borgarbyggð verður í hlutverki leiðandi sveitarfélags
- Verður sú breyting til þess að aðgangur að fagþekkingu eykst enn frekar og auðveldara verður að miðla reynslu og þekkingu milli starfsmanna

Margar þessara umbóta eru í samræmi við þau tilmæli um úrbætur sem komu síðar fram í úttekt GEV og samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni er heilt ár frá því að borist hefur kvörtun vegna barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar. Í ljósi þess hefur GEV upplýst að ekki sé talin þörf á áframhaldandi eftirliti af hálfu stofnunarinnar. Áfram verður samt unnið að úrbótum í samræmi við tilmæli GEV og verður þeim lokið innan sex mánaða. Velferðarnefnd harmar þann alvarlega misbrest sem átti sér stað í þjónustu við börn og fjölskyldur á tímabilinu janúar 2022 til apríl 2023. Ljóst er samkvæmt niðurstöðum GEV að sú málsmeðferð sem aðilar máls máttu þola er í ákveðnum þáttum óafsakanleg og óbætanleg. Alvarlegur skortur var á faglegrri nálgun á meðferð einhverra þeirra mála sem voru til skoðunar.

Það er krefjandi staða fyrir kjörna fulltrúa sem bera ábyrgð á málaflokknum en hafa engar heimildir til að ihlutast eða fá upplýsingar um afgreiðslur og meðferð einstakra mála að horfast í augu við misbresti af þessari stærðargráðu á svo viðkvæmri þjónustu, sem snertir marga einstaklinga bæði til lengri eða skemmri tíma. Því eru málsaðilar hér með beðnir einlæglega afsökunar á þeim mistökum og ranglæti sem þau kunna að hafa þolað.

Þá lýsir velferðarnefnd yfir vonbrigðum með hversu langan tíma það tók GEV að skila niðurstöðum úr úttektinni. 15 mánuðir í bið eftir slíkri úttekt er óviðunandi fyrir alla aðila máls.

Velferðarnefnd fagnar því að úttekt hafi verið gerð og niðurstöðurnar eru mikilvægt gagn og leiðarvísir að frekari uppbyggingu með það að markmiði að reka fyrirmyndar barnaverndarþjónustu."

22. 2409328 - Reglur Borgarbyggðar vegna utanlögheimilisbarna

Afgreiðsla frá fundi fræðslunefndar nr. 236:" Sviðsstjóri fjölskyldusviðs leggur fram reglur um utanlögheimilsbörn.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs leggur fram breytingartillögu á viðmiðunarreglum um utanlögheimilisbörn. Fræðslunefnd samþykkir breytingarnar og vísar málinu til samþykktar í sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."

23. 2409322 - UMSB - samstarfssamningur

Afgreiðsla fundar fræðslunefndar nr. 236: "Sviðsstjóri fjölskyldusviðs leggur fram minnisblað um samstarfssamning Borgarbyggðar og UMSB.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs leggur fram minnisblað.
Fræðslunefnd leggur til að núverandi samningi við UMSB verði sagt upp. Uppsagna frestur er sex mánuðir á samningnum. Samhliða því verði tekið upp samtal við íþróttahreyfinguna um framtíðarfyrirkomulag. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs er falið að upplýsa stjórn UMSB um þessa ákvörðun.
Málinu er vísað til sveitarstjórnar til samþykktar.
Samþykkt samhljóða."

24. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026

Skipa þarf að nýju í Menningarsjóð Borgarbyggðar.

Framlögð tillaga um skipun í Menningarsjóð Borgarbyggðar: Aðalmenn: Jenný Lind Egilsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir, Sigurbjörg Kristjánsson, Jóhanna Gréta Möller og Bjarki Grönfeldt.

Varmenn: Sonja Lind Eyglóardóttir, Arndís Aðalbjörg Finnbogadóttir, Kristján Jóhannes Pétursson, Ingibjörg Hargrave og Brynja Þorsteinsdóttir.

Fundargerð

25. 2409017F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 682

- 25.1 2409135 - 6 mánaða uppgjör 2024
- 25.2 2407066 - Tilboð til sveitarfélaga um styrk til að ljúka lagningu ljósleiðara til allra lögheimila utan markaðssvæða í þéttbýli
- 25.3 2409031 - Slökkvilið á Vesturlandi - stöðugreining og sviðsmyndir
- 25.4 2409047 - Brákarbraut 25, gamla sláturhúsið - áætlun um niðurrif
- 25.5 2409048 - Vegurinn að Bjargi
- 25.6 2110092 - Strandstígur við Borgarnes
- 25.7 2408027 - Snjómokstur í Borgarnesi - Útboð 2024
- 25.8 2206234 - Erindi um hundagerði á Hvanneyri
- 25.9 2310255 - Endurbætur á miðálmu Grunnskólans í Borgarnesi
- 25.10 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.

26. 2409022F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 683

- 26.1 2409078 - Erindi til heilbrigðisráðuneytisins um húsnæði og aðbúnað á HVE í Borgarnesi
- 26.2 2311308 - Lýsing á leið milli hesthúsahverfis og Einkunna
- 26.3 2409071 - Deiliskipulag í Einkunnum
- 26.4 2409276 - Umsókn um ljósastaura - Miklaholt
- 26.5 2401059 - Mælaborð um rekstur Borgarbyggðar
- 26.6 2409268 - Geymslúhúsnæði fyrir Sögufélag Borgarfjarðar
- 26.7 2409271 - Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2024
- 26.8 2401096 - Hafnasambandsþing 2024
- 26.9 2403092 - Fundagerðir 2024 - Heilbrigðisnefnd Vesturlands.
- 26.10 2409285 - Haustþing SSV 2024
- 26.11 2401025 - Umsagnarmál frá Alþingi 2024.

- 26.12 2409281 - Stóra-Kroppsvegur 5158-01 - fyrirhuguð niðurfelling
- 26.13 2303224 - Brunavarnir Heiðsynninga og húsnæði þeirra

27. 2409031F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 684

- 27.1 2409302 - Fjölgun nemenda í grunnskólum Borgarbyggðar
- 27.2 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024
- 27.3 2310255 - Endurbætur á miðálmu Grunnskólans í Borgarnesi
- 27.4 1905134 - Áskorun um húsnæðismál
- 27.5 2410004 - Sparkvöllur á Hvanneyri - ástand og erindi um endurbætur
- 27.6 2409304 - Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Hallkelsstaðahlíðarvegar 2 (5642-01) af vegaskrá
- 27.7 2409305 - Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Bjarnastaðavegar (5209-01) af vegaskrá
- 27.8 2311091 - Vallarás - hönnun og framkvæmdir
- 27.9 2401038 - Stefnumörkun Orkuveitu Reykjavíkur

28. 2409029F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 69

- 28.1 2409252 - Stefna Borgarbyggðar um íbúðarbyggð í dreifbýli_Fyrirspurn um skipulagsmál
- 28.2 2404320 - Hraunsás III - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - 204514
- 28.3 2409071 - Deiliskipulag í Einkunnum
- 28.4 2403263 - Borgarbraut 56-60 - umsókn um deiliskipulag - 135504
- 28.5 2311070 - Breyting á aðalskipulagi - O1 íþróttasvæði Borgarnes
- 28.6 2311071 - Íþróttasvæði Borgarnesi - Deiliskipulag
- 28.7 2408235 - Borgarbraut 55_Breyting á deiliskipulagi
- 28.8 2407099 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi Mávaklettur 10
- 28.9 2406077 - Galtarholt 1 land 191462 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 28.10 2410020 - Flugklúbburinn Kári_Fyrirspurn um skipulagsmál
- 28.11 2410019 - Golfklúbbur Borgarness_Fyrirspurn um skipulagsmál
- 28.12 2409024F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 40
- 28.13 2409028F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 41
- 28.14 2409006F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 232
- 28.15 2410002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 233

29. 2409020F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 152

- 29.1 2303272 - Frumkvæðisathugun GEV á gæðum þjónustu barnaverndar

30. 2409003F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 67

- 30.1 2406059 - Sorpútboð 2024
- 30.2 2409003 - Umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða

31. 2409030F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 236

- 31.1 2409327 - Kynning frá nýjum skólastjóra Grunnskólans í Borgarnesi
- 31.2 2409326 - Fjölskylduráð Borgarbyggðar
- 31.3 2101082 - Skólastefna Borgarbyggðar
- 31.4 2109144 - Farsæld barna
- 31.5 2409324 - Nemendafjöldi í leik- og grunnskólum 2024-2025
- 31.6 2409325 - Stöðugildi í leik- grunnskólum 2024-2025
- 31.7 2202014 - Fundargerðir ungmennaráðs
- 31.8 2409029 - Vopnaburður hjá börnum
- 31.9 2409328 - Reglur Borgarbyggðar vegna utanlögheimilisbarna
- 31.10 2409323 - Akstursstyrkir
- 31.11 2409322 - UMSB - samstarfssamningur

32. 2409013F - Umsjónarnefnd fólkvangsins í Einkunnum - 84

- 32.1 2409071 - Deiliskipulag í Einkunnum
- 32.2 2409067 - Umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2024
- 32.3 2409072 - Rafmagnslögn að salernisaðstöðu við Álatjörn og Litlu-Einkunnir

07.10.2024

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.